

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um sölu á eignarhlut  
ríkissjóðs í Reitum fasteignafélagi hf.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver voru markmiðin með sölunni á eignarhlut ríkissjóðs í Reitum fasteignafélagi hf. önnur en að fá sem hagstæðast verð?
2. Hverjir voru ráðgjafar ríkisins við sölu og hvað fengu þeir langan frest til undirbúnings? Er sölufyrirkomulagið í samræmi við ráðgjöfina?
3. Hverjir keyptu hlut ríkisins í Reitum og í hvaða hlutföllum?
4. Var nauðsynlegt að selja núna allan hlut ríkisins í Reitum?
5. Telur ráðherra að fullt verðmæti hafi fengist fyrir hlut ríkisins í Reitum í ljósi rekstrarhorfa fyrirtækisins?
6. Hver er afstaða ráðherra til „hollenska fyrirkomulagsins“ á sölu bréfanna? Á það fyrirkomulag við þegar ekki er gert ráð fyrir að almenningur taki þátt í útboðinu?
7. Telur ráðherra að stutt söluferli sem þetta, yfir helgi þegar markaðir eru lokaðir, sé hagfellt ríkissjóði þar sem bréfin voru auglýst eftir lokun markaða 19. ágúst sl. og tilboðsfrestur rann út kl. 8:30 mánudaginn 22. ágúst sl.?
8. Hvers vegna fór salan fram í útboði sem er undanþegið útgáfu lýsingar í samræmi við heimild í c-lið 1. tölul. 1. mgr. 50. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007? Telur ráðherra æskilegt að almenningur eigi þess kost að bjóða í bréf sem þessi?
9. Hver er stefna ráðherra í því að veita almenningi kost á að eignast hlutabréf í eigu ríkisins og var salan á Reitum í samræmi við stefnu hans?

**Skriflegt svar óskast.**